

Priðjudagur 18. nóvember 1997

Verð í lausasölu 150 kr.

80. og 81. árgangur – 218. tölublað

Forvígiskonur yfir- gefa Kvennalista

Sigriður Lilly Baldursdóttir, for-
maður Kvenréttindafélags Ís-
lands og ein af forvígiskonum
Kvennalistans, sagði sig úr sam-
tökunum í gær. Hún greiddi at-
kvæði gegn því á landsfundi
Kvennalistans um helgina að far-
ið yrði í viðræður við A-flokkana
um hugsanlegt samstarf. Það
var hins vegar samþykkt með 38
atkvæðum gegn 16 atkvæðum,
en 6 konur sátu hjá.

Fjöreggið brotið

Sigriður Lilly segist fyrst og
fremst ósátt við vinnubrögðin.
Hópur kvennalistakvenna hafi „í
krafti 22ja atkvæða munar
bvingað Kvennalistann til vinstri

í stjórnmálum. Í mínum huga
skiptir þó mestu að „hópur
kvennalistakvenna“ hefur í að-
gerðum sínum langt í frá haft í
heiðri vinnubrögð Kvennalistans... „Hópur kvennalistak-
venna“ fer með nafn Kvennalistans með sér í viðræðurnar við
flokkana en hann fer ekki með
fjöregg hans því það var brotið á
landsfundi Kvennalistans,“ sagði
Sigriður Lilly í samtali við Dag í
gærkvöld.

Töluverð hreyfing

Viðmælendur blaðsins innan
Kvennalistans eiga von á að fleiri
eigi eftir að segja skilið við sam-
tökum en einnig hafa nokkrar



Sigriður Lilly Baldursdóttir segir bless við Kvennalistann.

konur gengið til liðs við hann
eftir landsfundinn. Þar á meðal
er Elísabet Þorgeirsdóttir sem
gekk til liðs við Þjóðvaka í síð-
stu kosningum.

Ekkert hreint framboð

Afar ólíklegt þykir að Kvennalist-
inn bjóði aftur fram til þings,
hver svo sem niðurstæðan verður
úr samfylkingarviðræðum vinstri
flokkanna. Flest bendir einnig
til að Kvennalistinn bjóði hvergi
fram í sveitarstjórnarkosningum
næsta vor, nema í samstarfi við
aðra flokka. Fimmtán ára sögu
sérstakra kvennaframboða virð-
ist vera að ljúka.

Sjá einnig bls. 3.
— VJ